

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs vegna verkefnisins

Viltu koma að sauma

Textilverkefni með áherslu á læsi



Heilsuleikskólinn Urðarhóll

Verkefnisstjóri: Guðrún Björnsdóttir

Nafn skóla:

Heilsuleikskólinn Urðarhóll

Nafn verkefnisins:

„Viltu koma að sauma“ textilverkefni með áherslu á læsi.

Nafn verkefnisstjóra:

Guðrún Björnsdóttir

Inngangur

Tilurð þessa verkefnis er að síðan 2001 þegar ég hóf störf í Heilsuleikskólanum Urðarhóli, hef ég getað sinnt mínu áhugamáli meira en áður, en það er listsköpun með börnum í gegnum textil.

Veturinn 2008-2009 fór ég í námsleyfi og tók nám í listgreinum hjá K.H.Í. Lagði ég áherslu á að geta nýtt námið sem best í leikskólanum. Í fyrstu var mér úthlutaður tími þar sem börnin gátu komið og saumað myndir eftir eigin teikningum. Þau teiknuðu myndir á pappa sem síðan voru gataðar og þau saumuðu: “upp og niður”, “upp og niður”. Smátt og smátt þróaðist vinnan, þau lærðu að loka bilum og allt í einu lærðu þau aftursting. Þau æfðu sig með mismunandi java og saumspor. Smám saman komu fleiri viðfangsefni til sögunnar eins og að þæfa og gera smá hluti og listaverk með þæfingu og annarri textilvinnu. Upplifun af þessari vinnu var og er mjög jákvæð hjá börnum og kennurum. Börnin eru áhugasöm og kappsfull með verkefni sínu, og fara heim með falleg verk sem þau eru stolt af.

Þetta hafa verið notalegar stundir þar sem fram hefur farið samþætt nám sem verkefnið **“Viltu koma að sauma”** mun sýna frammá.

Sköpun er ein af grunnþörfum manneskjunnar og að hafa vald á handverki gefur þeim sem það hefur löngun til að skapa og búa til. Í textilvinnunni öðlast börnin víðtæka færni hvað varðar fínhrefringar, samhæfingu augna og handa, sjálfsmyndin styrkist með tilfinningu á eigin getu. Þau læra stærðfræðihugtök sem koma sér vel í öllu námi. Orðaforði og hugtakaskilningur eflist. Þau fá þjálfun í skipulagningu og að ná tökum á veröldinni í kringum sig m.a. mannlegum samskiptum.

Þá skiptir miklu máli að viðhalda þekkingu og menningaarfi og það er mjög dýrmætt að börn séu meðvituð um sína sögu og menningu. Þetta allt lærist í gegnum textil, „það er learning by doing“. Það er nánd og næði í textilstundunum, sem gefur þeim mikið gildi. Það að handleiða og samskipti fari fram í ró og næði er ómetanlegt. **Þetta eru gæðastundir sem auka tengsl og traust sem er grunnur að geðtengslamyndun barna.**

Útsaumur ásamt öðrum listgreinum hefur fylgt mannum svo lengi sem heimildir herma. Á Íslandi er talið að konur hafi alltaf stundað hannyrðir að einhverju marki, og eru til heimildir þar um. (Elsa E. Guðjónsson.). Karlar þæfðu, spunnu og þrjúnuðu og ófu vaðmál til fata. Má því með sannri segja að hannyrðir séu menningararfur sem við þurfum að leggja rækt við.

Þar sem börn eru í eðli sínu vinnusöm, forvitin og þeim er eiginlegt að vera sífellt að skapa og búa eitthvað til, þá hefur verið áhugavert og skemmtilegt að vinna í textila með Urðarhólsbörnum. Þau hafa verið tilbúin að kynnast efnum og áhöldum enda efniviður nærtækur. Textilkennsla er skylda í grunnskólum landsins og gjarnan tengd öðrum námsgreinum. Þess vegna ætti textilkennsla í leikskólum með sömu formerkjum að vera í boði, því æfingin skapar meistarann og börn sem hafa fengið fjölbreytt tækifæri í leikskóla að þjálf hug og hönd eru betur búin undir næsta skólastig en ella.

Til gamans læt ég fljóta með gamlan húsangang og á hann ágætlega við þegar talað er um læsi.

*Fyrst þú ert kominn á fjórða ár
fara áttu að vinna .
Það er að læra listir þrjár
lesa,þrjóna og spinna.*

Guðrún Björnsdóttir, verkefnisstjóri

Lýsing á verkefninu.

Verkefnin hafa miðast við aldur og færni barnanna, sum eru þematengd og þá gjarnan unnin út frá einhverri sögu eða annarri upplifun barnanna, önnur verkefnin tengjast íslenskri menningu svo sem jólagjöfum, þorranum, öskupokum svo eitthvað sé nefnt.

Sjálfsprottin verkefni sem eru unnin út frá hugmyndum og áhugasviði barnanna á hverjum tíma en þar má nefna sem dæmi að einn daginn langaði börnin að sauma „Pál Óskars” skyrtur. Afmæliskórónur urðu til á svipaðan hátt þegar einn drenginn langaði að sauma sér afmæliskórónu, það smitaði út frá sér og gerðu öll börnin afmæliskórónu fyrir sig.

Heilsuleikskólinn Urðarhóll í Kópavogi saman stendur af þremur húsum þ.e. Urðarhólli, Stubbaseli og Skólatröð. Þar eru 140 börn frá 2ja til 6 ára. Tilhögun þessa verkefnis var að verkefnastjóri fór milli deilda og sá um að öll börnin fengju kennslustund a.m.k. vikulega. Hann var til staðar á hverri deild a.m.k. tvo tíma í senn í sérútbúnu rými þar sem allt var til staðar sem nota þarf til textilkennslu.

Börn og kennarar kynntust mismunandi efnum, áhöldum og vinnuaðferðum með fjölbreyttum verkefnum. Markmiðið var að kennarar deilda tækju þátt, til að tileinka sér handverkið svo hægt sé að grípa til þess á deildum sem eitt af viðfangsefnum. Þetta gekk víðast hvar vel en ef svo var ekki var það vegna manneklu. Verkefni í listaskála og textil hafa verið samræmd eins og hægt hefur verið þannig að verkefnin styðji hvert annað og hefur sú samvinna gengið mjög vel.

Markmið verkefnisins:

Markmiðið með verkefninu „Viltu koma að sauma“ er margþætt og er aðaláherslan á læsi og hvernig textilvinna getur stutt við læsi.

Í textilvinnunni fer fram víðtækt nám sem styrkir lestrarnám beint eða óbeint, þvert á námsgreinar ýmsar rannsóknir og fræðimenn sem styðja það.

- **Málproski eflist, hljóðkerfisvitund, hugtakaskilningur og orðaforði.** Í textilvinnunni lærist mikill orðaforði, hljóðkerfisvitund og stærðfræði- og hugtakaskilningur styrkist, enda náðin við nemendur mikil. Margt sem ber á góma sem vekur áhuga og umræðu. Við segjum og gerum.

Lærum hugtök, orðatiltæki,

Dæmi: Æfingin skapar meistarann. Kemst þó hægt fari,



- **Það er verið að þjálfra fínhyreyfingar** sem er nauðsynlegur undanfari skriftar. Börnin eru að æfa sig með ýmis tól og tæki og vinna með þau í mismunandi efnivið. Þau eru að æfa samhæfingu hugar og handa.

- **Stuðlað að sterkari sjálfsmynd.** Sterk sjálfsmynd er nausynleg öllu námi og velgengni í lífinu. Það er gaman að sjá og finna stoltið hjá börnunum þegar þau hafa náð tókum á einhverju viðfangsefni og ekki síst þegar þau hafa lokið verkefnunum.

„ég ætla að sýna mömmu“ þegar þau hafa lokið einhverju verkefni.. Hvað styrkir sjálfsmyndina betur en stolt og gleði yfir vel unnu verki.



- **Að bæta ályktunarhæfni og rökleiðni.** Í textilvinnunni eru börnin að öðlast grunnfærni við að beita efnum og áhöldum sem tengjast vinnunni s.s. nál, skæri, þráður o.fl. Það leiðir þau síðan til þroska í þeirri vinnu sem þau eru að takast á við og styrkir þar með ályktunarhæfni og rökhugsun.



- **Að viðhalda menningararfnum.** Það er göfugt markmið og nauðsynlegt ef við ætlum að ná í skottið á sjálfum okkur. Öll okkar handverksmenning er svo nátengd textilum þegar allt var unnið á heimilunum, allur fatnaður, ábreiður o.fl. Var ullin þar í aðalhlutverki.

Það er við hæfi að vitna hér í Einar Ben. en hann segir í ljóði sínu Aldamót:

*Að fortíð skal hyggja
ef frumlegt skal byggja ,
án fræðslu þess liðna
sjest ei hvað er nýtt.*

(Höf: Einar Benediktsson skáld)

Að viðhalda lifandi menningu í textil og hverkonar handverki er hverri þjóð nauðsynlegt. Það er áhyggjuefni ef við glötum þessum hluta úr menningu okkar. Það gerist smátt og smátt ef við viðhöldum ekki verkmenningunni.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:

Það þurfti að byrja á því að útvega tól og tæki.

Fyrst var að útvega verkfærakassa með efnum og áhöldum til textilkennslu og fengu allar deildir slíkan kassa til að geta gripið til á deildum. Í svona kassa þarf misgrófar nálar, skæri, síl, vefnálar svo og garn.

Það þarf að útvega pappa og ýmsan efnivið til að sauma í og skreytiefni. Þess má geta að margt af þessu er verðlaus efniviður. Efniviður sem annars færi til Rauða krossins og Sorpu.



Helstu verkefni

Sem verkefnisstjóri hef ég reynt að haga verkum þannig að það séu ekki allir að gera það sama og útkoman verði sem fjölbreyttust. Við komum okkur saman um verkefni út frá áhuga og hugðarefnum á hverri deild. Viðfangsefni hafa því verið mismunandi og var tekist á við fjölbreytt verkefni, efni og áhöld. Verkefni haustanna lentu mörg hver í jólapakka til forelda og fylgdi með jólakort sem þau unnu einnig í textil.

Verkefni yngri barna

Yngstu börnin voru um 2ja -3ja-4ra ára þegar við byrjuðum í haust.

Með þeim voru valin verkefni sem miða að því að þau öðlist færni í að samhæfa huga og hönd með þeim efnivið og áhöldum sem við notum í textilkennslunni. Áhersla var lögð á að læra grunnliti og form og unnin verkefni í því sambandi. Þau fengu efni með fjölbreyttum munstrum og formum til að vinna með. Gerð voru myndverk í pappa og múrnet, þau æfðu sig í að þæfa og mörgum fannst gott og notalegt að sula með sápu, vatn og ull.



En svo var ýmislegt gert til þess að gera þessar æfingar að listaverki og þá notuð blönduð tækni: vatnslitun og skreyting með ýmsum efnivið.

(skreytiefni eru gjarnan vatnslitir, pallíettur, efnisafgangar, bordar, blúndur, garnspottar o.fl.)


Síðan voru verkefniin endurtekin aftur og aftur með mismunandi útfærslum meðan úthald og einbeiting var til staðar, en úthaldið er ekki mjög langt hjá þeim alyngstu, en ótrúlegt hvað þau voru áhugasöm og gaman að sjá færni aukast. Alltaf vildu þau koma í hornið smá stund.

Dæmi um verkefni:

- **Saumað frjálst** í mjúkann pappa, æfing með að sauma upp og niður, áhersla á litina, gerður rammi og skreytt
- **Saumað frjálst í múrnet**, gerður rammi, skreytt.
- **Unnið með formin**, skreytt með munstuðum og formuðum efnisbútum, sett saman að vild.
- **Þæfing**,leikið með efniviðinn, þæfðar kúlur og selir.



- **Sjálfsmynd**. Saumað í pappa og perlur þræddar á band fyrir hendur og fætur, þæfð kúla fyrir höfuð, áhersla á líkamsheiti.



Verkefni eldri barna

Verkefni eldri barna var að byggja ofan á það sem þau kunnu og læra það sem vantaði upp á. Þau höfðu flest æft sig í að sauma, vefa og þæfa, svo hægt var að ganga beint til verks og leggja fyrir flóknari verkefni. Byrjuðum samt flest á að vinna í pappa, teiknuðu mynd út frá sögum, þema eða annarri reynslu s.s. vettvangsferðum eða samverustundum þar sem sagðar voru sögur, sungnir söngvar og margþætt umfjöllun um viðfangsefnið.

Myndirnar voru svo saumaðar skreyttar og samdar sögur við þær hverju sinni.



Dæmi um verkefni:

- **Letidýr:** Saumuð í pappa og unnið með ull í þrívídd. Samin saga.
- **Uglur:** Uglumyndir saumaðar í pappa og unnið með ull í þrívídd. Samin saga.
- **Barbapabba:** Saumað í pappa út frá sögu um Barbapabba. Samin saga við verkið.
- **Veiða vind:** Saumað í pappa og gerð saga.
- **Krummaþema:** Börnin gerðu bæði lágmynd og mynd í þrívídd af krumma með því að þæfa ull. Börnin völdu sér svo krummaljóð til að láta fylgja verkinu
- **Álfar á Urðarhóli:** Menningartengt verkefni þar sem umfjöllunarefnið var álfar og álfamenning. Á sumum deildum unnu börnin myndir á pappa með skrautlegum efnum út frá sögum og söngvum sem þeim þóttu áhugaverð. Sum ófu álfa og þræddu perlur til að gera fætur og hendur.
- **Sjálfsmyndir:** Í framhaldi af ofnu álfunum voru gerðar sjálfsmyndir tengdar verkefni um þau sjálf. Var framkvæmdin svipuð nema það hafði



orðið þróun í undirbúningi þannig að verkið gekk betur. Var gerð frásögn sem fylgir hverju verki. Sögðu sum börnin frá sér og sínum önnur gerðu sögu um sinn karl eða kerlingu.

Þetta er frábært verkefni hvað varðar líkamsvitund og tilfinningu fyrir sjálfum sér.



- **Textilhænur í Stubbaseli:** Skemmtilegt vorverkefni sem tengist öllum námssviðum. Gott verkefni þar sem frjáls sköpun og fjölbreyttur efniviður framkallaði dásamleg listaverk.



Dæmi um það hvernig verkefnið koma þvert á námsvið leikskóla eins og haustverkefnið púðagerð:

Læsi og samskipti:

Í þessum verkefnum læra börnin að lesa í náttúruna og umhverfið, þau læra að nota ný orð og hugtök, auk þess að heyra ljóð og sagnir sem byggir undir læsi. Þau semja sögur út frá sínum verkum og þjálfast í að orða hugsanir sínar og sjá þær komnast á blað. Það koma fyrir mörg stærðfræðihugtök því það þarf að máta og mæla og þau þjálfast í notkun þeirra.

Heilbrigði og vellíðan:

Það er heilsusamlegt og nauðsynlegt að fara út fyrir lóðina og kynnst því sem umhverfið og náttúran hefur uppá að bjóða og mikilvægt fyrir börn að læra að njóta og kynnst margbreytileika tilverunnar. Þau eflast líkamlega, andlega og félagslega þar sem þau fá að njóta frelsis í öruggu umhverfi í umsjá sinna kennara. Það finnast gjarnan einhverjar gersemar í slíkum ferðum og börn njóta þess að taka með sér það sem þeim finnst fallett og tilhlökkunarefni að fá að nýta fenginn í hverskyns sköpun. Tengslamyndun barns og kennara er mikil í gegnum textilvinnu og eykur það sjálfstýrk barnsins.

Sjálfbærni og vísindi:

„ Það er hætt að virka“ sagði einn drengurinn þegar börnin voru að velta fyrir sér af hverju? og hvers vegna? laufblaðið væri farið að fölna.

Það er mikill lærdómur sem felst í því að velta fyrir sér hringrás lífsins þó í laufblaði sé og geta nýtt það til listsköpunar. Að gera listaverk úr



umbúðapappa með útsaumi (Barbapabba mynd). Að læra að hanna og gera nytjahlut er gaman og börnin hönnuðu sinn eigin púða út frá upplifun haustsins. Saumuðu með nál sem getur stungið. „ æ, þetta var bara smá“

Það eflir sjálfsmýnd og hamingju að skapa og búa til, þessi vinna styrkir traust og samvinnu þar sem samband kennara og nemanda er mjög náð.

Sköpun og menning:

Það að fá tækifæri á að skapa eitthvað og búa til úr fjölbreytilegum efnivið veitir börnum mikla gleði og hamingju. Það þroskar hugmyndaflug þeirra, eflir færni þeirra og sjálfsmynd.

Þegar búið var að vinna þessi verkefni (barbababba og púðana) fengu börnin að velja hvað þau myndu vilja gefa foreldrum sínum í jólagjöf. Þarna kemur menningin inn: að útbúa gjöf sem þau eru stolt af, útbúa kort og semja, jólakveðju til foreldra, pakka inn á skapandi hátt. Geyma leyndarmálið.



Frávik miðað við áætlun verkefnisins:

Ég tel ekki að orðið hafi veruleg frávik þar sem öllum markmiðum var náð miðað við upphaflega áætlun. Af hugmynd vaknar hugmynd og hefði verið gaman að geta útfært þær hér en þar sem ekki var tími til þess verða þær að bíða betri tíma.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins.

Engar verulegar hindranir komu upp í sambandi við verkefnið þar sem ég hafði afmarkaðan tíma fyrir verkefnið á hverjum degi og þökkalega heilsu nema í desember sem fór í fjarvistir vegna veikinda. Náði þó að halda utan um verkefnið til vors, klára og koma upp sýningu.

Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefninu:

Það er meiri fjölbreytni í listsköpun, fleiri kennarar koma að verkefnum þannig þeir fá tilfinningu fyrir efniviðnum og læra á efni og áhöld. Börnin eru áhugasamari með að segja sögur við þau verk sem þau eru að vinna á ýmsum svæðum. Fleiri gæðastundir fyrir börnin í litlum hópum.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Þetta verkefni hefur skilað jákvæðni og gleði inni skólann okkar, þar sem kennarar, börn og foreldrar gleðjast yfir þessari viðbót í skólastarfinu. Allir eru með, allir geta eitthvað. Öll börnin frá 2ja til 6 ára hafa unnið textilverk sem hafa verið sniðin að þeirra aldri og getu.



Niðurstöður verkefnisins:



Það má segja að verkefnið hafi farið fram úr þeim væntingum sem til þess stóð því við vorum ekki viss um að svona vinna hentaði börnum yngri deilda en það hefur heldur betur komið í ljós því þau „geta líka“

Efniskostnaður er ekki mikill þar sem textilar liggja víða ónýttir á heimilum og grípa foreldrar fegins hendi að geta komið þessum efnivið til okkar. Að því leiti hentar þetta mjög vel til listsköpunar í leikskóla.

Það er gaman að sjá foreldra og börn koma færandi hendi með efnivið sem þau í sameiningu hafa séð not fyrir í leikskólanum.

Hvað segja börnin? Elstu börnin voru spurð hvernig þeim líkaði.

„Það var gaman að sauma“

„Ég teiknaði og gerði göt“,

„Ég gerði sögu og almennilega mynd“,

„ég gerði bangsa og uglu“,

“Ég gerði barbapabba“,

„Það fer eftir árunum, á þorranum gerðum við líka álf“.

„Ég gerði álf en ekki fiðrildi“,

„Ég sumaði hænu“,

„Ég gerði karl og þæfði letidýr“,

„Ég gerði kórónu, mig og húsið mitt“,

„Það var skemmtilegt að sauma“,

„Það var skemmtilegast að þæfa krummamyndir“.

„Það sem var skemmtilegt var bara allt“,

„Það var leiðinlegt að búa til álfinn“.

Hvað segja kennararnir? Eins voru kennarar spurðir og svörin sem bárust voru eftirfarandi.

„Verkefnið er til fyrirmyndar.

Börnin nutu stundanna með Guðrúnu og afraksturinn er alveg ótrúlegur. Verkin vöktu mikla athygli og spurningar hjá foreldrum á vorsýningunni. Vonandi er þessi vinna komin til að vera.“

„Okkur finnst þetta hafa gengið mjög vel og börnin alltaf spennt og ánægð að koma til þín. Sum hafa meira úthald en önnur en öllum finnst þeim þetta skemmtilegt. Þetta er frábær viðbót við starfið og heilmargt sem þau læra s.s. hugtök, líti, telja. Við vildum mjög gjarnan að þetta yrði áfram næsta vetur.

Mér fannst mjög gaman að fylgjast með og vera þátttakandi í textilverkefninu. Það var gaman að fylgjast með krökkunum njóta sín hvort sem var við róandi saumaskap eða fjöruga þæfingu. Þetta var ævintýri fyrir okkur öll, Ég tók eftir því að börnin voru farin að vilja segja sögur við öll verk sem þau voru að vinna. Það væri virkilega gaman að sjá áframhald á þessu.

Hvað segja foreldrarnir? Foreldrarnir eru mjög jákvæðir gagnvart þessu verkefni og finnst það vera góð viðbót við það sem fyrir er og að börnin séu glöð og stolt með sín verk.

„Mér finnst þetta dásamlegt verkefni og frábært að bjóða upp á þessa flottu fínhreyfipjálfun og um leið kynningu á textilnámi. Áfram þið! :)“

„Við vorum alsæl með textilnámið, finnst það bæta miklu við aðra listsköpun sem fer fram í leikskólanum. Yndislegt að krakkarnir vinni með ólík efni og form og taki sköpunina á annað plan en hefðbundið er. Ari var mjög ánægður með listnámið og við foreldrarnir einnig. Letidýrið er komið upp á vegg í stofunni hjá okkur, ofna figúran hangir í glugga og við erum að finna krumma stað.

Finnst frábært að leikskólinn bjóði upp á textilhönnun og við vonum að það verði áfram í boði „

„Mitt mat er að „viltu koma að sauma“ hafi heppnast mjög vel og sést það best á verkefnum krakkanna og stolti þeirra á afrakstrinum.

Ég hef ekki heyrt annað en að mitt barn hafi verið mjög ánægt og mér finnst mjög mikilvægt að verkefnið haldi áfram. Fjölbreytileikinn og sköpunargleðin kemur þarna skýrt fram.

Takk fyrir.“

„Við vorum mjög ánægð með þá ákvörðun. Virkilega þroskandi starf á svo mörgum ólíkum sviðum.

Sú yngri talaði lítið um það en sýndi stolt verkin sem hún vann. Eldri daman talaði mikið um hvað henni fannst gaman og var endalaust að reyna að finna hluti, sem hægt var að nota, til að færa Guðrúnu. Hún var mjög stolt og ánægð með sín ve Frábært starf.“

„Ég var mjög ánægð með námið. Fjölbreytt og skapandi. Krakkarnir töluðu mikið um verkefnið og fannst spennandi að sýna afraksturinn. Verkin fengu góðan stað í stofunni. T.d. í gær þegar ein amman var að spyrja, þá sagði stelpa mikið frá „listaverkinu“ sínu og var svo stolt af þessu. Ekki spurning um að þetta á að vera áfram engar ástæður fyrir því að gera það ekki. (Ef kostnaður við efnið er fyrirstaða þá er sniðugt að biðja foreldra um aðstoð eins og áður hefur verið gert, yfirleitt geta allir lagt eitthvað smá til.)“

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum:

Það hefur farið fram kynning hjá KÍ ásamt öðrum sprotapegum. Það er í vinnslu bók með nánari umfjöllun um verkefnin, hvað var gert og hvernig unnið. Upplýsingabrunnur fyrir kennara sem vilja vinna með textila.

Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um:

Ég vil þakka sjóðnum fyrir að hafa styrkt þetta verkefni og þar með gert það framkvæmanlegt að innleiða textilmenn í leikskólastarfið. Með viðbættu fjármagni kom svigrúm til að skapa rými fyrir auknum mannafla til að sinna þessu starfi. Ég legg áherslu á hversu mikilvægt þetta verkefni hefur verið fyrir okkar skóla þar sem aukinn áhugi kennara er fyrir að nýta textilvinnu sem kennsluleið í starfi með leikskólabörnum. Vonandi kemur það til með að nýtast kennurum í öðrum skólum þegar fram líða stundir þegar ritið kemur út sem verður vonandi fljótlega.

Kópavogi 16.ágúst 2016

Kær kveðja

Guðrún Björnsdóttir

